

Nd.

227. Breytingartillaga

við þingsályktunartillögu um húsmannamálið.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Tillagan orðist þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands:

1. Að útvega sem glegstar skýrslur um allan hag íslenskra hús- og þurrabúðarmanna, hvort þeir hafa land það er lög mæla fyrir, hversu það er ræktað og notað, hver er aðalatvinna þeirra og aukaatvinna, hverjar árstekjur að meðaltali, og hverjar endurbætur *þeir telja sjálfir* álitlegastar á högum sínum.
2. Að safna skýrslum um það, hver hefir orðið árangurinn af lánveitingunum úr viðlagasjóði til hús- og þurrabúðarmanna.
3. Að safna skýrslum um hag erlendra húsmanna, einkum þar sem líkt er ástatt og hjer, hverra ráða hefir verið leitað til þess að bæta kjör þeirra og leggja útdrátt úr þeim fyrir næsta Alþingi.
4. Að leggja fyrir næsta þing frv. til laga um húsmenn og þurrabúðarmenn, ef stjórninni virðist ástæða til þess að öllu athuguðu.